

Nd.

260. Frumvarp til laga

[140. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32 12. maí 1977, lög nr. 63 28. des. 1977 og III. kafla laga nr. 3 17. febr. 1978, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 190 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

26. gr. (sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977) orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, reiknast þannig:

Af fyrstu 11 400 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 17 100 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 1,2%.

Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1979 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1978, skal álagður eignarskattur skv. 1. mgr. þessa töluliðar lækkaður um 68 400 kr. hjá einstaklingi og um 102 600 kr. hjá hjónum.

Hjá öðrum mönnum, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 2 100 000 kr., ef um einstaklinga er að ræða, en lægri vergar tekjur til skatts en 2 700 000 kr., ef hjón eiga í hlut, skal eignarskattur, sem ekki nær 68 400 kr. hjá einstaklingi, en 102 600 kr. hjá hjónum, lækkaður um 20%.

2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 1,6% af skattgjaldseign.
3. Eignarskatt, sem ekki nær 1 000 kr., skal fella niður við álagningu.